

# Tómlæti í vinnurétti

Ritgerð Viðars Más Matthíassonar hæstaréttardómara.

# Reglan um tómlæti er ólögfest á sviði vinnuréttar.

- Í íslenskum vinnurétti er í gildi almenn ólögfest regla um tómlæti.
- Í reglunni felst að ef kröfuhafi fylgir ekki eftir rétti sínum, til greiðslu, getur hann glatað réttinum. (ekki til skilgreining)
- Tómlæti er metið á heildrænum grundvelli þar sem sanngirnissjónamið ráða miklu. Huglægt mat.
- Ekki eins og td. fyrningareglur, sem er metnar á hlutrænum grundvelli sbr. lög um fyrningu kröfuréttinda.

Vægi reglna um tómlæti hefur aukist verulega í seinni tíð, samfara breytingum í viðskiptalífinu með aukinni áherslu á gagnkvæmar tillits- og trúnaðarskyldur samningsaðila. Grunnstef þessara reglna er að hvetja aðila til að halda réttindum eða mótbárum til haga gagnvart gagnaðila án ástæðulauss dráttar en sæta því ella að glata rétti fyrir tómlætissakir.

Reglurnar stuðla að festu og öryggi í viðskiptum.

# Dómar Hæstaréttar Íslands frá 1999 til 2018

- Í ritgerð Viðars Más er mat lagt á túlkun tómlætis útfrá dómafordæmum.
- Í leitarvél, af dómum um tómlæti, koma 150 slíkir, þar af 30 í vinnurétti.
- Eftir útgáfu bókar Viðars Más hafa fallið dómar þar sem tómlæti kemur til skoðunar og eru þeir hluti af þessari yfirferð. (2019-2022)

# Til hvers ber að lýta við mat á tómlæti?

- Tíminn sem líður frá því að unnt var að neyta réttindanna og þangað til það var gert, skiptir höfuð máli.
- Tíminn, byrjar að líða frá því tímamarki sem kröfuhafi vissi eða mátti vita um vanefnd skuldara eða tilurð kröfu.
- Er krafan óumdeild eða ekki.
- Huglæg afstaða skuldara. Mikilvægt.
- Lágmarkskjör eða viðbótarkjör. Tómlætispröskuldur mis hár.

# H. nr. 594/2017. (E-1/2018)(Félagsmaður RSÍ)

- Jökull gegn Hval.
- Ágreiningur um hvort laun hafi verið greidd að fullu.
- Sérstök greiðsla. Bónusgreiðsla. Frítökuréttur. Vikulegur frídagur.
- Varnir ekki byggðar á tómlæti. Komst því ekki að.
- Hvalur dæmdur í héraði til greiðslu á sérstöku greiðslunni og til greiðslu á hvíldartíma fyrir Hæstarétti.
- 97 fyrrum starfsmenn Hvals stefndu í kjölfarið, Hval til gr. á sérstöku greiðslunni. Hvalur sýknað á grundvelli tómlætis.

## H. 376/2005 Heimilisfræðikennari

- Heimilisfræðikennarinn S hafði notið sérstakrar þóknunar fyrir matarinnkaup á grundvelli samþykktar borgarráðs frá 1981. Við gildistöku nýs kjarasamnings 1. ágúst 2001 felldi R niður umrædda þóknun og taldi S, greiðslu fyrir umrædd störf felast í föstum mánaðarlaunum hennar eftir þann tíma. Ekki þótti í ljós leitt, að S hafi gert athugasemdir við þetta fyrr en í febrúar 2004. Á þessu tímabili hafði hún á hinn bóginn ritað undir þrjár vinnuskýrslur, þar sem ekki var getið um hina umdeildu þóknun og tekið mánaðarlega við launagreiðslum úr hendi R án þess að gera fyrirvara um kröfu sína. Talið var, að allan þennan tíma hafi S mátt vera ljóst að R taldi sér ekki skylt að greiða þóknunina. S var með tómlæti sínu um svo langan tíma talin hafa glatað rétti til að krefja R um þóknun þessa og var R þegar af þeirri ástæðu sýknuð af kröfu S.

## H. 249/1998 Hitaveita Suðurnesja

- *S krafði H, fyrrverandi vinnuveitanda sinn, um vangoldin laun og orlofslaun sem hann taldi vera mismun greiðslna sem honum báru samkvæmt kjarasamningi og þeirra greiðslna sem hann hafði fengið. Talið var fullsannað að S hefði innt af hendi þá vinnu sem hann krafðist greiðslna fyrir og að kröfurnar hefðu stoð í kjarasamningi. Þó að tæplega þrjú ár liðu frá því að S óskaði eftir hækkun á greiðslum til sín þar til að krafan var ítrekuð þótti hann ekki hafa sýnt slíkt tómlæti gagnvart vinnuveitanda sínum að krafan félli niður. Því var H dæmdur til að greiða S mismun greiðslna sem honum báru samkvæmt kjarasamningi og greiðslna sem hann hafði fengið.*
- *Umkrafið tímabilið er júlí 1993 til nóvember 1996. (þingfest 1997 og dæmt 1998)*

## H. 31/2018. Skaginn hf gegn A

- A krafði S hf. um greiðslu fyrir frítökurétt vegna skerts hvíldartíma og fyrir skert réttindi til vikulegs frídags. Deildu aðilar um hvort skráning vinnustunda A hefði endurspeglað unnar stundir hans á tilteknu tímabili eða hvort inn í þeim stundafjölda hefðu verið tímar sem áttu að bæta fyrir skerðingu umræddra réttinda. Var ekki talið að S hf. hefði tekist sönnun um að skráningin hefði ekki tekið mið af unnum vinnustundum A og yrði því að leggja til grundvallar að A hefðu verið greidd laun í samræmi við það. Við mat á því hvort A gæti krafist S hf. um frekari greiðslur fyrir vinnuframlag sitt yrði að líta til þess að A hefði borið fyrir héraðsdómi að hann hefði aldrei á starfstíma sínum gert athugasemdir við launayfirlit sín og launaseðla. Hefði hann jafnframt endurnýjað ráðningarsamband sitt við S hf. með því að undirrita nýjan ráðningarsamning án þess að gera athugasemdir við það fyrirkomulag sem tíðkaðist hjá S hf. við skráningu vinnustunda og greiðslu launa. Þá hefði stéttarfélag A fyrst haft samband við S hf. vegna ætlaðra vangoldinna launa A eftir starfslok hans og um 15 mánuðum eftir að því tímabili lauk sem krafa hans sneri að. Málið hefði svo verið höfðað þegar liðnir voru um sex mánuðir frá starfslokum A. Loks var talið að líta yrði til þess að A hefði verið trúnaðarmaður á vinnustað sínum og borið nánar tilgreindar skyldur sem slíkur, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt þessu og að gættum kröfum til gagnkvæms trúnaðar og tillits af hálfu beggja aðila ráðningarsambands var því talið að A hefði fyrir sakir tómlætis fyrirgert rétti til að hafa uppi kröfu sína. Var S hf. því sýknað af kröfu A.
- (ath. sératkvæði, 5 dómara. 4 í meirihluta)

# Hvaða lærdóm má draga af þessari kynningu!

- Eftirá kröfur ekki vænlegar!
- Ekki gera ekki neitt!
- Yfirborganir erfiðari að sækja heldur en kjarasamningsbundin réttindi.